



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 - Sími 569 9000 - Telefax 569 9099

Alþingi
Erindi nr. Þ 120 / 1720
komudagur 29/4 1996

Reykjavík, 26. apríl 1996.

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri v. Templarasund
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs frá 17. þ.m. og frumvarps til lögreglulaga, er því fylgdi.

Hér á eftir verður leitast við að skýra afstöðu embættis míns til nokkurra þátta frumvarpsins:

1. Ég tel miður, að embætti ríkislögreglustjóra skuli ætlað að starfrækja sjálfstæðar deildir til lögreglustarfa. Er þar gengið þvert á ríkjandi skoðanir á öðrum Norðurlöndum.

Hinsvegar verða verulegar lagabætur við flutning á megin hluta rannsóknarstarfa auk ákærvalds til lögreglu á viðkomandi svæðum. Mun sú nýskipan hafa umtalsverða hagræðingu í för með sér, er fram líða stundir.

2. Einn þýðingarmesti hluti frumvarpsins fjallar um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa. Er þeim kafla gjörbreytt frá fyrra frumvarpi og felld niður nýmæli er fólust í 14. og 15. gr. þess frumvarps.

Ljóst er, að 13. - 16. gr. nýja frumvarpsins eru ekki nægilegar heimildir til handa lögreglu í nútíma starfsumhverfi.

3. Kærur á hendur lögreglu eru viðkvæm mál og vandmeðfarin. Verður að telja óheppilegt, að starfsbræður hinna kærðu annist rannsókn í slíkum tilvikum. Virðist mér tilhögun betur fyrir komið í frumvarpinu frá 93/94. Í öllu falli þyrfti að vera tilskilið, að löglærðir starfsmenn ríkislögreglustjóra önnuðust sjálfir rannsóknir þessar án atbeina lögreglumanna.

4. Það er álit mitt, að við breytingar skv. 8. gr. verði að fara hægar í sakir en ráðgert er. Koma þar einkum til kostnaðarþættir og hrein bylting á innra fyrirkomulagi.

Af meðfylgjandi yfirliti, byggðu á gögnum frá Rannsóknarlögreglu ríkisins má álykta, að umræddar ráðagerðir rúmist tæplega innan fjárhagsramma þess, sem reiknað er með.

Jafnframt þarf að skipuleggja markvisst og tímanlega færslu hins mikla málafjölda milli embætta og dreifa á tiltekið tímabil. Verður þannig helst komist hjá hugsanlegum eyðum í rannsóknnum, sem leitt gætu til réttarspjalla.

5. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu eftir atvikum til frekari umfjöllunar af minni hálfu. Vona ég, að sjónarmið mín verði nefndinni til nokkurs gagns við meðferð þessara mikilvægu mála.

Þóttvar Þorsteinsson

Fskj.:
Yfirlit.

Til: Böðvars Bragasonar, lögreglustjóra
Frá: Karli Steinari Valssyni, afbrotafræðingi

MINNISBLAÐ

Minnisatriði vegna frumvarps til lögreglulaga.

Hér á eftir fylgir samantekt á ýmsum atriðum sem varða einstaka deildir hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Gögnin eru byggð á upplýsingum vegna fjárlagagerðar og einnig á samtölum við Adalstein Guðlaugsson og Hörð Jóhannesson. Í samantekt þessari er tekið mið af fjárlögum 1995 en samkvæmt upplýsingum frá RLR tókst ekki að halda rekstri RLR innan fjárlagaramma en ekki er fyrirbyggjandi hversu mikið fé til viðbótar þurfti til rekstursins. Rekstrarkostnaður RLR varð meiri en áætlað var þrátt fyrir að ekki var farið út í hefðbundna endurnýjun bílaflota heldur fé sem ætlað var til slíks notað til reksturs.

Samkvæmt mati RLR manna má áætla að 90% þeirra mála sem eru til umfjöllunar hjá RLR komi frá starfsvæði Lögreglunnar í Reykjavík. Beiðnum til RLR vegna aðstoðar við rannsóknir afbrota sem framin eru utan löggæslusvæðis LR hefur ekki fjölgað og ekki er að sjá annað en að lögregluembætti á landsbyggðinni geti sinnt sínum verkum svo ásættanlegt sé. Af þessum sökum er ekki hægt að sjá að þörf sé á viðbótarstarfslíði við rannsóknir hjá lögregluembættum úti á landsbyggðinni í sama mæli og þörfin er á Höfuðborgarsvæðinu.

Málafjöldi hjá RLR hefur vaxið á undanförunum árum. Ef litið er á árin frá 1990 til 1993 kemur fram að ákært er í um 12 % mála sem þar sæta rannsóknum og hefur það hlutfall aukist frekar á þessum árum.

Þá ber að hafa hugfast að önnur skipting mála eru milli LR og RLR annars vegar og RLR og lögregluliða úti á landi hins vegar. Ef tekið er mið af nýja frumvarpinu þá verður mun meiri breyting á rekstri LR en annarra lögregluliða. Í eftirfarandi samantekt er ekki skodað sérstaklega hvort nægur mannaflí sé til staðar í hverri deild fyrir sig. Telja má með hliðsjón af því hve mikill málafjöldi er færður á milli ára að full þörf sé á slíkri skodun.

Rannsóknarlögregla ríkisins má skipta í nokkrar rekstrareiningar:

1 Deild

Verkefni: Rannsókn allra brota er varða líf og líkama: manndráp, líkamsárásir, nauðganir og önnur kynferðisbrot, voveifleg dauðsföll, sjálfsvíg og ýmis sérrefsilagabrot.

Mannaflafjöldi árið 1995: Fjórir rannsóknarlögreglumenn og tveir yfirmenn (aðstodaryfirlögregluþjónn og lögreglufulltrúi) Auk þess einn lögfræðingur. **Ársverk eru talin 8,79 fyrir árið 1995.** Á vegum deildarinnar er rekin ein bifreið.

Málafjöldi :

Ný mál 1995	Eldri mál til meðferðar	Samtals mál 1995
492	129	621

Rekstkostnaður :

1994	Fjárlög 1995	Tillaga 1996
19 m.kr.	18,4 m.kr.	19,4 m.kr.

Kostnaður á ársverk í 1. deild er því 2,093 m.kr. Ef reiknað er með að 90% verkefna 1. deildar fari til LR samsvarar það kostnaði í dag upp á 16,5 milljónir.

2. Deild

Verkefni: Rannsóknir ýmissa auðgunarbrota, fjársvik, fjárdráttur, skjalafals (annað en tékkafals), umboðssvik, tékkalagabrot. Ýmis sérrefsilagabrot samkvæmt ákvörðun yfirstjórnar.

Mannaflafjöldi árið 1995: Fjórir rannsóknarlögreglumenn og þrír yfirmenn (aðstoðaryfirlögregluþjónn, lögreglufulltrúi og deildarfulltrúi) Auk þess einn lögfræðingur. **Ársverk talin árið 1995 12,36.** Á vegum deildarinnar eru reknar tvær bifreiðar.

Málafjöldi :

Ný mál 1995	Eldri mál til meðferðar	Samtals mál 1995
569	283	852

Rekstkostnaður :

1994	Fjárlög 1995	Tillaga 1996
31,6 m.kr.	25,8 m.kr.	27,3 m.kr.

Hér má sjá að þörf hlýtur að vera á aukningu mannafla deildarinnar þar sem ekki tekst að ljúka rannsóknum nema í um helmingi mála. Kostnaður á ársverk í 2. deild er því 2,087 m. kr. Ef reiknað er með að 90% verkefna fari til LR er kostnaður því 23,2 m.kr.

3. Deild

Verkefni: Rannsókn þjófnaðarmála og innbrota. Tékkafals, greiðslukortafals. Brot barna og ungmenna. Brunarannsóknir að hluta og ýmis sérrefsilagabrot.

Mannaflafjöldi árið 1995: Sjö rannsóknarlögreglumenn og tveir yfirmenn (aðstoðaryfirlögregluþjónn, lögreglufulltrúi) Auk þess einn lögfræðingur. **Ársverk talin árið 1995 15,92.** Á vegum deildarinnar eru reknar tvær bifreiðar.

Málafjöldi :

Ný mál 1995	Eldri mál til meðferðar	Samtals mál 1995
4238	1168	5406

Rekstkostnaður :

1994	Fjárlög 1995	Tillaga 1996
------	--------------	--------------

35,4 m.kr.	33,2 m.kr.	35,2 m.kr.
------------	------------	------------

Hér má einnig sjá mannaflapörf í rannsóknir, sem reyndar þyrfti að auka miðað við verkefni. Kostnaður á ársverk í 3. deild er 2,085 m.kr. Ef reiknað er með því að 90% verkefna fari til LR er það því kostnaður upp á 29,87 m.kr.

4. Deild

Verkefni: Rannsókn skatta- og efnahagsbrota, ýmis mál samkvæmt ákvörðun yfirstjórnar.

Mannaflafjöldi árið 1995: Fjórir rannsóknarlögreglumenn og einn yfirmaður (aðstoðaryfirlögregluþjónn) Auk þess einn lögfræðingur. Ársverk talin árið 1995 8,66. Á vegum deildarinnar er rekin ein bifreið.

Málafjöldi :

Ný mál 1995	Eldri mál til meðferðar	Samtals mál 1995
165	78	243

Rekstarkostnaður :

1994	Fjárlög 1995	Tillaga 1996
17,0 m.kr.	18,1 m.kr.	20,3 m.kr.

Ekki er reiknað með því að nein verkefni sem þessi deild hefur með höndum í dag fari til LR .

Tæknideild

Verkefni: Vettvangsrannsóknir í öllum alvarlegri málum. Ljósmyndun, uppdrættir o.fl. Bruna og eldsupptakarannsóknir. Taka fingrafara og ljósmynda af brotamönnum, skráning þeirra og varðveisla. Skráning og varðveisla aðsendra fingrafara og ljósmynda frá öðrum embættum. Ýmsar sérstakar rannsóknir. Sýnataka á vettvangi og samskipti við rannsóknarstofur. Skrifarrannsóknir.

Mannaflafjöldi árið 1995: Fjórir rannsóknarlögreglumenn og tveir yfirmenn (aðstoðaryfirlögregluþjónn, lögreglufulltrúi) Ársverk talin árið 1995 10,57. Á vegum deildarinnar er rekin ein bifreið.

Málafjöldi :

Ný mál 1995	Eldri mál til meðferðar	Samtals mál 1995
1600	óljóst	1600

Rekstarkostnaður :

1994	Fjárlög 1995	Tillaga 1996
19,6 m.kr.	22,1 m.kr.	23,3 m.kr.

Mjög erfitt er að meta kostnað vegna reksturs tæknideildar sem sett yrði á stofn í Reykjavík. Hér kemur fram að kostnaður á ársverk er 2,090 m.kr. Fyrirliggjandi er að mestur hluti þess tækjabúnaðar sem RLR býr yfir í dag verður áfram hjá Ríkislögreglustjóra þar sem rannsóknarstofa verður staðsett. Þá er einnig fyrirsjáanlegt að bæta verður umtalsverðum tækjabúnaði við hjá LR vegna nýrra verkefna. Tækjabúnaður vegna lögreglurannsókna er mjög

sérhæfður og því dýr og því ljóst að stofnakostnaður skiptir verulegum upphæðum. Þá er einnig fyrirbyggjandi að ráða þarf viðbótarstarfslíð við tæknideild LR og þarf að veita þeim þjálfun til starfa sem bæði er tímafrek og kostnaðarsöm. Ef gengið er út frá sömu sjónarmiðum að 90% verkefna færast til LR er það kostnaður upp á 19,89 m.kr., og er þá ekki gert ráð fyrir nýjum tækjakaupum sem eru þó nauðsynleg.

Boðunardeild / Kærumóttaka / Skráning

Verkefni: Boðun, kvaðningar og eftirgrenslan. Fang aflutningar. Aðstoð við aðrar deildir. Móttaka á kærum og aðsendum erindum svo og skráning og varsla rannsóknargagna. Símavarsla, kvöld og næturvarsla. Ýmis önnur verkefni og aðstoð samkvæmt ákvörðun yfirstjórnar.

Mannaflafjöldi árið 1995: Fjórir rannsóknarlögreglumenn og tveir yfirmenn (aðstoðaryfirlögregluþjónn, lögreglufulltrúi) **Ársverk talin árið 1995 24,82.** Á vegum deildarinnar eru reknar þrjár bifreiðar. Hér inni er einnig annað starfslíð RLR og eru starfsmenn hér í allt 14.

Rekstarkostnaður :

1994	Fjárlög 1995	Tillaga 1996
42,8m.kr.	51,8 m.kr.	52,9 m.kr.

Í þessum störfum mun sjálfsagt vera hægt að hæggræða að einhverju leiti hjá LR og samhæfa þau störf sem nú eru unnin hjá tveimur lögregluembættum. Einhver kostnaður mun samt fylgja skráningu og vörslu kæra og sönnunargagna sem ekki hefur verið gert í sama mæli hjá LR og gert er ráð fyrir. Kostnaður á ársverk er 2,087 m.kr. og vægt áætlað má telja að hið minnsta 12 ársverk fari til LR og því lágmarkskostnaður 25,04 m.kr.

Alþjóðleg samskipti / Interpol

Einn lögreglufulltrúi starfar við þessa deild sem hefur 1,71 ársverk og sinnir um 300 verkefnum árlega. Kostnaður vegna deildarinnar er 3,7 m. kr.

Þessi deild mun öll flytjast til ríkislögreglustjóra og því enginn kostnaður fyrir LR.

Samantekt:

Samkvæmt ofangreindu er kostnaður þeirra verkefna sem flytja á til LR um 114 m.kr. hjá RLR í dag.

Komið hefur fram að ekki hefur tekist að halda rekstri RLR innan þess fjárlagaramma sem settur er, þrátt fyrir að ekki hafi verið farið út í eðlilega endurnýjun á bílaeign embættisins en fjármunum sem til þess voru ætlaðir notaðir í rekstur. Í þessum útreikningi er hins vegar byggt á fjárlögum og því er raunverulegur kostnaður meiri en hér er getið. Rekstarreiknigur RLR fyrir árið 1995 var hins vegar ekki fyrirbyggjandi þegar þessi samantekt var gerð.

Ef málastaða einstakra deilda RLR er skoðuð sést að þær eru undirmannaðar og þurfa að bera með sér nokkurn málafjölda milli ára.

Samkvæmt frumvarpi til lögreglulaga er gert ráð fyrir rekstri tveggja tæknideilda á Höfuðborgarsvæðinu þ.e.a.s. bæði hjá Ríkislögreglustjóra og hjá Lögreglunni í Reykjavík. Tæknideild LR er ekki búin tækjum til að taka við þeim rannsóknum sem henni er ætlað að gera samkvæmt frumvarpinu og það mun því kosta umtalsverðar fjárhæðir að tæknivæða deildina. Benda má á hvort ekki væri skynsamlegra að ein tæknideild væri rekin á svæðinu öllu annað hvort af Ríkislögreglustjóra eða LR.